

**FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR
(ESB) 2022/1407****2023/EES/63/21****frá 16. ágúst 2022**

um leiðréttingu á tilteknum tungumálaútgáfum framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2382 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur vegna sendingar upplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB frá 15. maí 2014 um markaði fyrir fjármálagerninga og um breytingu á tilskipun 2002/92/EB og tilskipun 2011/61/ESB ⁽¹⁾, einkum 9. mgr. 34. gr. og 12. mgr. 35. gr.,*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

- 1) Í búlgörsku, króatísku, tékknesku, dönsku, hollensku, eistnesku, þýsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litáísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfu framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2382 ⁽²⁾ eru villur í 3. lið í bálknum „Kerfi og eftirlit“ í 2. hluta VI. viðauka og 3. lið í bálknum „Kerfi og eftirlit“ í 2. hluta VII. viðauka, að því er varðar þær tilteknu upplýsingar sem rekstraraðilar þurfa til að tilkynna samkvæmt viðkomandi ákvæðum.
- 2) Því ætti að leiðrétta búlgörsku, króatísku, tékknesku, dönsku, hollensku, eistnesku, þýsku, grísku, ítölsku, lettnesku, litáísku, maltnesku, pólsku, portúgölsku, rúmensku, slóvensku, spænsku og sænsku tungumálaútgáfu framkvæmdarreglugerðar (ESB) 2017/2382 til samræmis við það. Þetta hefur ekki áhrif á aðrar tungumálaútgáfur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

*1. gr.**(Á ekki við um íslensku útgáfuna).**2. gr.*Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi ESB-gerð birtist í Stj. 2022. ESB L 215, 18.8.2022, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 330/2022 frá 9. desember 2022 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn (bíður birtingar).

(1) Stj. 2014. ESB L 173, 12.6.2014, bls. 349.

(2) Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2017/2382 frá 14. desember 2017 um tæknilega framkvæmdarstaðla að því er varðar stöðluð eyðublöð, sniðmát og verklagsreglur vegna sendingar upplýsinga í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2014/65/ESB (Stj. 2017. ESB L 340, 20.12.2017, bls. 6).

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. ágúst 2022.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Ursula VON DER LEYEN

forseti.
